

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrir Höfn í Hornafirði 1978-1998.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hornafjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 20. desember 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1978-1998 frá 4. ágúst 1983 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að opið óbyggt svæði austan þjóðveggar, við norðurmörk gildandi aðalskipulags breytist í stofnun/þjónustu. Nánar tiltekið er um að ræða að byggja mælingaaðstöðu á svokölluðum Mið-Fjárhúshól á vegum Landmælinga Íslands.

Bæjarstjórn Hornafjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 104

8. febrúar 1996

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu aðalskipulags Mosfellsbæjar 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 8. febrúar 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012 frá 6. maí 1994 með síðari breytingum.

Breytingarnar varða fyrirhugaða færslu Vesturlandsveggar auk eftirfarandi landnotkunarbreytinga vegna færslu vegarinnar:

- Helgunarsvæði gatnamóta Vesturlandsveggar og Skarhólaveggar er stækkað.
- Verslunar- og þjónustusvæði sunnan Þverholts stækkar til suðurs og vesturs að Langatanga.
- Verslunar- og þjónustusvæði norðan Þverholts stækkar. Landnotkun á svæðinu norðan til, þar sem landhalli er mestur er breytt í útivistarsvæði til sérstakra nota.
- Svæðið meðfram gamla Vesturlandsveginum frá Hlégarði að Varmá breytist úr verslunar- og þjónustusvæði í íþróttasvæði.
- Verslunar- og þjónustusvæði austan Vesturlandsveggar fellur niður og í staðinn er gert ráð fyrir aukinni íbúðabyggingu.

- Athafnasvæði norðaustan í Lágafelli gegnt miðbænum minnkar.
- Helgunarsvæði gatnamóta Vesturlandsveggar og Þingvallaveggar stækkar vegna áforma um mislög gatnamót. Íbúðasvæði í næsta nágrenni minnkar að sama skapi.

Fram hefur farið mat á umhverfisáhrifum þessara breytinga á Vesturlandsvegi.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.